



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: Umsögn við tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um skilgreiningu lágmarksframfærsluviðmiðs

Þann 7. júlí 2022 lagði fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram í borgarráði svohljóðandi tillögu um skilgreiningu lágmarksframfærsluviðmiðs:

Borgarráð samþykkir að velferðarsviði verði falið að skilgreina hvert lágmarksframfærsluviðmið sé. Bæði verði slíkt flokkað eftir því hvort einstaklingur/ar eigi börn eða ekki og ef svo er, að það fari eftir um hve mörg börn er að ræða. Einnig verður lágmarks framfærsluviðmið reiknað eftir því hvort viðkomandi sé einstætt foreldri eða ekki. Nánari úrvinnsla skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við velferðarsvið.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. ágúst 2022.

Umsögn:

Á Íslandi eru ekki til nein opinber skilgreind og viðurkennd lágmarksframfærsluviðmið, en sveitarfélögin hafa lagalega skyldu til að veita fjárhagsaðstoð ef einstaklingur sem hefur lögheimili í sveitarfélaginu getur ekki framfleytt sjálfum sér, maka eða börnum. Um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga gilda reglur viðkomandi sveitarfélags í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.


Fyrstu reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg voru samþykktar í félagsmálaráði í janúar 1988 en þá var gert ráð fyrir að fjárhagsstyrkurinn ætti að duga fyrir ákveðnum framfærslupáttum. Í janúar 1995 voru nýjar reglur um fjárhagsaðstoð samþykktar eftir viðamikla endurskoðun. Reglurnar byggðu m.a. á réttindasjónarmiði í stað einstaklingsbundins mats áður, ákveðið var að gengið skyldi út frá ákveðinni upphæð til framfærslu (53.596 kr. á mánuði) og tók hún mið af þeirri upphæð sem 75% öryrki fékk frá Tryggingastofnun í mars 1995. Fyrir hjón var upphæðin margfölduð með 1,8. Ekki var gert ráð fyrir framfærslu barna í framfærsluviðmiði heldur litið svo á að kostnaður vegna barna ætti að greiðast af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum, ef við á og ganga beint til forsjáráðila. Gert var ráð fyrir að húsaleigubætur og vaxtabætur væru stuðningur við húsnæðiskostnað og læknis- og lyfjakostnaði yrði mætt af heilbrigðiskerfinu.

Þann 1. janúar 2012 urðu enn nokkrar veigamiklar breytingar á reglunum en þá hækkaði upphæð fjárhagsaðstoðarinnar töluvert meira en áður hafði verið. Í fundargerð velferðarráðs frá 15. desember 2011 kemur fram að því stefnumiði að samhlutfæring fjárhags- og húsnæðisaðstoð ná lágtekjumörkum Hagstofunnar hafi verið náð. Framfærsluupphæð milli einstaklinga breyttist og við ákvörðun grunnfjárhæðar er



horft til búsetuforms einstaklinga þ.e. hvort þeir búa einir, búa með öðrum eða hjá foreldrum. Þeir einir fá fulla fjárhagsaðstoð sem reka eigið heimili og/eða búa einir og leggja fram þinglýstan húsaleigusamning. Þeir sem búa í foreldrahúsum fá hálfa fjárhagsaðstoð á mánuði og grunnupphæð þeirra sem búa með eða inni á öðrum er 25.000 kr. lægri en þeirra sem búa í eignarhúsnæði eða leggja fram þinglýstan húsaleigusamning (Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg 2012).

Mynd 1 sýnir að þróun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar hefur ekki fylgt þróun lífeyrisgreiðslna TR.



Mynd 1: Samanburður þróunar á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar og lífeyrisgreiðslum TR frá 1995 - 2022.

Í skýrslu um fátækt sem unnin var fyrir Velferðarvaktina árið 2015 er fjallað um lágmarksframfærsluviðmið en þar kemur fram:

Velferðarvaktin telur að stjórnvöld eigi að skilgreina lágmarksframfærsluviðmið sem miði að því að einstaklingar og fjölskyldur búi ekki við fátækt. Stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, hefji sameiginlega vinnu með hagsmunaaðilum þannig að ná megi sem víðtækastri samstöðu um hvaða viðmið eigi að liggja að baki þegar ákvarðanir um lágmarksbætur eru teknar. Velferðarvaktin telur að hafa megi skýrslu um „Íslensk neysluviðmið“ sem velferðarráðuneytið gaf út árið 2011 til hliðsjónar í starfinu. Skoðað verði hvort slík viðmið eigi að vera lögbundin eða hvort þau eigi að vera til hliðsjónar (leiðbeinandi) eins og nú er varðandi fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Einnig verði skoðað hvort slíkar bætur eigi að skerðast vegna tekna maka og beitingar svokallaðra virkniúrræða. Í vinnunni verði m.a. fjallað um skyldur sveitarfélaga til að aðstoða vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Næstu skref: Stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, setji á fót starfshóp sem yfirfari forsendur og útreikninga sem liggja að baki fjárhagsupphæðum til lágmarksframfærslu með það að markmiði að einstaklingar og fjölskyldur búi ekki við fátækt.

Lágtekjuhlutföll eru sennilega sú fátæktarmæling sem Íslendingar þekkja best til. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir



lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.

Þó svo engin opinber lágmarksframfærsluviðmið séu til, þá hafa stjórnvöld samt sett fram ákveðnar skilgreiningar á neysluviðmiðum og framfærsluviðmiðum. Í febrúar 2011 lagði velferðarráðherra fram [skýrslu sérfræðingahóps um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi](#). Skýrslan var lögð fram til almennrar kynningar og umræðu og birt á vef ráðuneytisins ásamt reiknivél þar sem einstaklingar gátu mátað sig að neysluviðmiðunum í samræmi við eigin aðstæður.

Dæmigert viðmið átti að endurspegla og gefa sem heildstæðasta mynd af útgjöldum íslenskra heimila. Fyrir flesta útgjaldaflokka var dæmigert viðmið reiknað þannig að miðgildi útgjalda fyrir hvern útgjaldaflökk var reiknað. Þessu til viðbótar var kostnaður vegna reksturs bifreiða og skólatengdur kostnaður barna reiknaður sérstaklega. Hér var því hvorki um lágmarks- né lúxusviðmið að ræða.

Grunnviðmiðið hins vegar gaf vísbendingar um hvað fólk þyrfti að lágmarki til að framfleyta sér. Gert var ráð fyrir að raunkostnaður væri notaður vegna húsaleigu, viðhaldskostnaðar og rafmagns og hita.

Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara taka mið af dæmigerðum viðmiðum félagsmálaráðuneytisins, með ákveðnum undantekningum. Viðmið ráðuneytisins byggja á útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum íslenskra heimila. Viðmiðið er reiknað sem miðgildi útgjalda fyrir hverja fjölskyldugerð. Það þýðir að 50% heimila notar viðmiðunarupphæðina eða lægri upphæð til innkaupa á vörum sem falla undir hvern flokk. Viðmiðin eru uppfærð reglulega og byggjast nú á grunni rannsóknar Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna á tímabilinu 2013-2016.

Eins og fyrr segir eru ekki til neinar opinberar skilgreiningar á lágmarksframfærsluviðmiði. Það er mat velferðarsviðs að eðlilegra sé að stjórnvöld setji fram skilgreiningu á lágmarksframfærsluviðmiði í stað þess að Reykjavíkurborg setji fram slíkt viðmið.